



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 52/2016

## **Merkingar og auglýsingar Spínatkáls Lambhaga gróðrarstöðvar**

### **I. Erindið**

Með bréfi Hollt og Gott ehf., dags. 31. mars 2016, barst Neytendastofu kvörtun yfir merkingum og heiti vöru frá Lambhaga gróðrarstöð sem notuð hafi verið um árabíl og sé til þess fallin að blekkja neytendur.

Í bréfinu segir að Hollt og Gott sérhæfi sig í fullvinnslu á fersku grænmeti, ferskum salatblöndum, niðurskornum ávöxtum, brauðsalötum og sósum. Meðal vara sem félagið selji sé spínat. Eftir nokkrar ábendingar hafi Hollt og Gott fengið grunsemdir um að vara frá Lambhaga gróðrarstöð, Lambhaga spínat, ætti ekkert skylt við spínatplöntuna. Í kjölfarið hafi Hollt og Gott látið greina vöruna hjá Sýni ehf. Send hafi verið tvö sýni, annars vegar sýni af spínati frá Hollt og Gott og hins vegar sýni af Lambhaga spínati. Niðurstaða erfðagreiningar hafi verið sú að vara Hollt og Gott hafi reynst vera spínat (>99% samsvörun við *spinacia oleracea*) og að vara Lambhaga, sem seld hafi verið sem spínat, hafi reynst vera sinnepskál eða asúmustarður og beri latneska heitið *Brassica juncea* (>99% samsvörun við *Brassica juncea*). Sinnepskál sé káltegund þar sem lauf, fræ og stilkur jurtarinnar séu æt.

Í byrjun febrúar á þessu ári hafi Hollt og Gott haft samband við Matvælastofnun til að tilkynna um þessi vörusvik sem staðið hafi yfir í langan tíma og óskað eftir því að eftirlitið myndi bregðast við. Í svari Matvælastofnunar hafi verið tekið undir að umrædd vara Lambhaga gróðrarstöðvar eigi ekkert skylt við spínat. Nafni vörunnar hafi verið breytt, mjög líklega eftir athugun Matvælastofnunar, í Spínatkál, auk þess sem latneska heitið, *Brassica rapa*, hafi verið tilgreint á umbúðunum. Þar sem orðið kál komi fram á umbúðum Lambhaga gróðrarstöðvar hafi Matvælastofnun talið að tilgreining á umbúðunum bryti ekki í bága við fyrirmæli reglugerðar nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Matvælastofnun hafi talið vera fordæmi fyrir því að tengja þessa tegund við spínat og vísaði þá í umfjöllun Wikipedia um *Komatsuna* eða *Brassica rapa*. Athygli skuli vakin á að niðurstaða erfðarannsóknarinnar hafi leitt í ljós að vara Lambhaga gróðrarstöðvar væri *Brassica juncea* en matvælastofnun hafi talið vöruna vera *Brassica rapa*. Hvort heldur sem sé þá sé *Brassica* ættin alls óskyld spínati.



Næringarinnihald spínats og sinnepskáls sé gjörólíkt. Spínat sé þekkt fyrir þau næringarefni sem jurtin samanstandi af. Augljóst sé af merkingum á pakkningum Lambhaga gróðrarstöðvar og auglýsingum þess að fyrirtækið sé að reyna að blekkja neytendur í að kaupa spínat. Spínat njóti mikilla vinsælda vegna eiginleika þess og sé notað í margs konar salöt, matargerð og græna drykki. Sú vara sem Lambhagi gróðrarstöð selji sem spínat sé skyldari kínakáli og rófum og sé innihald næringarefna allt annað en í spínati.

Með auglýsingum sínum og umbúðum gefi Lambhagi gróðrarstöð til kynna að umrædd vara sé önnur en hún raunverulega sé. Það sé gert í þeim tilgangi að blekkja neytendur til þess að kaupa aðra vöru en þeir haldi að þeir séu að kaupa sem skaði bæði neytendur og samkeppnisaðila á markaðnum. Telja verði að auglýsingar og merkingar umbúðanna falli undir óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem feli í sér almenna vísireglu sem banni óréttmæta viðskiptahætti, 2. mgr. 9. gr. laganna sem segi að viðskiptahættir séu villandi sé upplýsingum leynt sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og 14. gr. sem kveði á um að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara. Í bréfinu eru einnig rakin ákvæði 5. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til framangreinds telji Hollt og Gott ljóst mega vera að auglýsing og merking á umbúðum Lambhaga gróðrarstöðvar brjóti gegn 5. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 og eftir atvikum fleiri greinum sömu laga.

Framsetning Lambhaga gróðrarstöðvar á umbúðum virðist endurspeglar virðingarleysi fyrir lögum og reglum á þessu sviði auk virðingarleysis fyrir neytendum og öðrum fyrirtækjum. Merking vörunnar sé til þess fallin að telja neytendum trú um að þeir séu að kaupa spínat en séu í raun að kaupa allt aðra vöru með allt öðrum eiginleikum. Þessi merking sé á umbúðum Lambhaga gróðrarstöðvar þrátt fyrir athugasemd Matvælastofnunar. Breyting á nafni umbúðanna í „Spínatkál“ breyti þar engu um. Það sé ekkert til sem heiti spínatkál og sé orðalag umbúðanna og heiti vörunnar með þann eina tilgang að tengja nafn vörunnar við spínat til þess að blekkja neytendur.

Þar af leiðandi sé merking vörunnar óréttmæt gagnvart neytendum og veiti þeim villandi upplýsingar og brjóti þar með gegn fyrirmælum 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þar að auki séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum, sbr. 14. gr. sömu laga.

Ennfremur sé brot Lambhaga gróðrarstöðvar til þess fallið að taka til sín viðskipti frá keppinautum félagsins og þannig óhjákvæmilega valda þeim fjártjóni.



Með vísan til framangreinds sé þess krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða gagnvart Lambhaga gróðrarstöðvar á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sé þess krafist að Neytendastofa gefi Lambhaga gróðrarstöð viðeigandi fyrirmæli eða bann, til að mynda að félaginu sé óheimilt að merkja og auðkenna vöru sína sem spínat eða með öðrum hætti sem sé til þess fallið að blekkja neytendur og gefa ranga mynd af innihaldi vörunnar.

Með vísan til a-liðar 22. gr. og 23. gr. laga nr. 57/2005 sé þess krafist að Neytendastofu leggi stjórnvaldssekt á Lambhaga gróðrarstöð og eftir atvikum dagsektir. Þess sé krafist að málsmeðferð verði hraðað eftir föngum og að Neytendastofa grípi tafarlaust til þeirra úrræða sem henni sé heimilt að nota til þess að stöðva framangreinda háttsemi.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Hollt og Gott var sent Lambhaga gróðrarstöð til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. apríl 2016. Í bréfinu kom fram að Neytendastofa teldi ákvæði a. og b. liða 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 geta átt við um erindið, til viðbótar við þau ákvæði sem vísað væri til.

Svar barst með bréfi, dags. 29. apríl 2016, þar sem fram kemur að vegna ábendinga sem Lambhaga gróðrarstöð hafi borist um nafn vörunnar Lambhagaspínat hafi fyrirtækið tekið ákvörðun um að breyta nafni vörunnar í Spínatkál Brassica rapa. Það hafi nú verið gert og vöruna sé ekki að finna á markaði undir hinu fyrra nafni. Lambhagi gróðrarstöð hafi talið rétt að breyta nafninu vegna ábendinga sem fyrirtækið hafi fengið en það hafi fallist á að nafnið Spínatkál væri betur lýsandi fyrir vöruna. Lambhagi gróðrarstöð telji þó ekki að það hafi gerst brotlegt við lög með notkun hins aflagða nafns Lambhagaspínat.

Af erindi Hollt og Gott til Neytendastofu sé ekki alveg ljóst hvort kvörtun fyrirtækisins snúi að notkun aflagðs nafns vörunnar, notkun hins nýja nafns hennar eða hvors tveggja. Ýmist sé vísað til auglýsingar vörunnar undir nafninu Spínatkál eða eldri og aflagðra merkingar vörunnar undir nafninu Lambhagaspínat. Þó komi fram í bréfinu sú afstaða Hollt og Gott að breyting á nafninu skipti ekki máli og þess vegna sé gert ráð fyrir því í þessu bréfi að Hollt og Gott telji að sömu sjónarmið eigi við um bæði hið aflagða nafn og hið nýja nafn. Á það sé raunar ekki hægt að fallast því merking vörunnar með nafninu Spínatkál sé yfir allan vafa hafin og þó svo ólíklega vilji til að Neytendastofa komist að þeirri niðurstöðu að notkun nafnsins Lambhagaspínat hafi brotið gegn lögum nr. 57/2005 geti sjónarmið um það aldrei átt við um nafnið Spínatkál. Varan sé spínatkál eins og fjallað verði um síðar. Nafnið Lambhagaspínat lýsi vörunni á hinn bóginn ef til vill ekki jafn vel og hið nýja nafn en það sé þó ekki þannig að notkun þess geti talist hafa brotið í bága við lög nr. 57/2005



Í fyrsta lagi sé kvartað yfir notkun nafnsins vegna þess að Hollt og Gott telji að umrædd vara sé ekki spínatkál og að það sé raunar ekkert til sem heiti spínatkál. Þá sé því haldið fram að Brassica eigi ekkert skylt við spínat. Engin þessara fullyrðinga sé rétt. Undir Brassica ættina falli ræktunarafrbrigðið Komatsuna (enska, danska) eða að öðru nafni Brassica rapa (latína). Spínatkál sé plöntuheiti og skilgreint sem slíkt í orðabanka íslenskrar málstöðvar. Latneska heiti spínatkáls sé sem fyrr segi Brassica rapa og enska heitið Spinach mustard. Á þýski heiti plantan Senfspinat og á dönsku Spinatsennep. Íslenskt samheiti samkvæmt orðasafninu Matarorð úr jurtaríkinu sé Mustarðsspínat. Það sé því eðlilegt að rík hefð sé fyrir því að Brassica rapa sé markaðssett undir heiti sem skírskoti til spínats. Varan sem Lambhagi gróðrarstöð framleiði sé Brassica rapa skv. skilgreiningu þess ræktunarafrbrigðis og með vísan til framangreinds sé ekkert athugavert við að nafnið Spínatkál sé notað til þess að merkja hana og auðkenna. Þá telji Lambhagi gróðrarstöð heldur ekkert athugavert við hið fyrra aflagða nafn, Lambhagaspínat þó svo fyrirtækið hafi fallist á að hið nýja nafn lýsi vörunni betur.

Í öðru lagi sé kvartað yfir notkun nafnsins vegna þess að niðurstöður erfðarannsóknar á vegum Rannsóknarþjónustunnar Sýnis, umbeðinni af Hollt og Gott, hafi leitt í ljós að umrædd vara, framleidd af Lambhaga gróðrarstöð hafi verið Brassica juncea og þess vegna sé ekki eðlilegt að nafn hennar skírskoti til spínats. Þessi niðurstaða erfðarannsóknarinnar sé röng og erfitt að sjá hvernig hægt hafi verið að komast að þeirri niðurstöðu í erfðarannsókn þegar ræktunarafrbrigði Brassica juncea séu skoðuð með hliðsjón af vörunni sem sögð sé hafa verið rannsökuð. Lambhagi gróðrarstöð kaupi fræ til þess að rækta spínatkál af fræbankanum Hild í Þýskalandi. Fyrirtækið hafi keypt fræ fyrir Arax og Sagami, sem falli undir Brassica rapa. Fyrirtækið hafi ekki keypt fræ fyrir afbrigði sem falli undir Brassica juncea og raunar eigi þau ekki mikið útlitslega skyld við þá vöru sem Lambhagi gróðrarstöð hafi markaðssett undir nafninu Spínatkál og áður Lambhagaspínat. Niðurstaða erfðarannsóknarinnar hafi komið Lambhaga gróðrarstöð því verulega á óvart. Lambhagi gróðrarstöð telji að framkvæma þurfi aðra erfðarannsókn, þ.e. af öðrum aðila, því fræin sem hafi verið sett niður séu af ættinni Brassica rapa. Lambhagi gróðrarstöð hafi ekki ræktað og framleitt afbrigði sem falli undir Brassica juncea. Í fylgiskjali með bréfinu fylgi yfirlit yfir fræ sem fræbankinn Hild selji og falli undir Brassica juncea annars vegar og Brassica rapa hins vegar. Þegar afbrigðin séu skoðið ætti að vera skýrt, útlitslega, að varan sem Lambhagi gróðrarstöð hafi framleitt og markaðssett sem Spínatkál sé af gerðinni Sagami sem falli undir Brassica rapa. Lambhagi gróðrarstöð kunni ekki skýringar á því hvers vegna niðurstaða erfðarannsóknarinnar hafi verið á þennan veg. Í öllu falli sé mikilvægt að Neytendastofa taki ekki ákvörðun á grundvelli niðurstaðna erfðarannsóknar sem sé augljóslega röng.

Lambhagi gróðrarstöð mótmæli því að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Í fyrsta lagi telji Lambhagi gróðrarstöð að 2. mgr. 9. gr. eigi ekki við. Ekkert liggi fyrir eð hafi komið fram um að viðskiptahættir fyrirtækisins hafi verið villandi eða að ekki hafi verið greint frá upplýsingum sem telja megja að skipti máli fyrir neytendur. Þá hafi engum upplýsingum verið leynt. Varan hafi áður verið markaðssett undir nafninu Lambhagaspínat og þó svo hugtakinu „kál“ hafi ekki verið skeytt við sé ekki fallist á að nafngiftin hafi brotið gegn ákvæðinu. Rík



hefð sé fyrir því að vísa til hugtaksins spínat þegar ræktunarafrbrigði Brassica rapa sé markaðssett. Til dæmis heiti hún Senfspínat á þýsku, hún sé markaðssett sem Mustard Spinach víða í Evrópu og síðast en ekki síst sé samheiti spínatkáls á íslensku Mustarðsspínat. Varan sé síðan nú auðkennd með nafninu Spínatkál, sem hún óumdeilanlega sé.

Í öðru lagi telji Lambhagi gróðrarstöð að 14. gr. laganna eigi ekki við. Lambhagi gróðrarstöð veiti með auðkenningu vörunnar Spínatkál og Brassica rapa, ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Sömu rök eigi við og að framan við 2. mgr. 9. gr.

Í þriðja lagi telji Lambhagi gróðrarstöð að a. og b. liðir 1. mgr. 9. gr. eigi ekki við af sömu ástæðum og að ofan greini.

## 2.

Bréf Lambhaga gróðrarstöðvar var sent Hollt og Gott til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 9. maí 2016. Svar barst með bréfi, dags. 27. maí 2016. Þar segir að áður en athugasemdum í bréfi Lambhaga gróðrarstöðvar verði svarað sé rétt að fara yfir helstu einkenni spínats og af hverju þessi vara sé eftirsótt. Spínat hafi fræðilega heitið spinacia olerace. Hún sé af skrauthalaætt í plöntufræðunum. Þetta sé einær planta og nái ekki að vera tvíær nema í mjög tempruðu loftslagi. Plantan sé svokölluð langdagsplanta sem blómstri þegar dagurinn nái yfir 10-12 klst. á sólarhring. Ef spínatið nái að blómstra verði það beiskt og sé því reynt að forðast þessa blómstrun í spínatræktun. Til að rækta spínatið hérlendis yfir sumartímenn þurfi því myrkvunardúka til að koma í veg fyrir blómstrun. Spínat sé mjög næringarríkt af vítamínum og steinefnum en hitaeyningasnautt. Spínat sé því mjög ríkt af járn. Það sé hins vegar einnig ríkt af efnum sem hindri upptöku járn, s.s. oxalsýru, trefjum, kalki. Það sé því mælt með að neyta C-vítamíns eða kjöts, fisks eða fuglajakjöts með spínatmáltíð til að auka upptöku járn.

Um bréf Lambhaga gróðrarstöðvar segir í bréfi Hollt og Gott að í fyrsta lagi hafi því verið haldið fram að óljóst sé hvort kvörtun Hollt og Gott beinist að notkun á nafninu Lambhagaspínat eða nafninu Spínatkál. Hollt og Gott telji augljóst af kvörtuninni að hún beinist að báðum vörumerkingum.

Í öðru lagi hafi verið fullyrt að niðurstaða erfðarannsóknarinnar hafi verið röng og að umrædd vara Lambhaga gróðrarstöðvar sé Brassica rapa en ekki Brassica juncea. Hollt og Gott hafi látið framkvæma þessa erfðarannsókn í kjölfar spurninga frá viðskiptavinum. Tilgangur erfðarannsóknarinnar hafi verið að sýna fram á að varan væri ekki spínat, spinacia olerace. Niðurstaða erfðarannsóknarinnar hafi sýnt fram á að vara Lambhaga gróðrarstöðvar sé ekki spínat og jafnframt hafi það fengið stoð í ummælum fyrirvarsmanns Lambhaga gróðrarstöðvar í fjölmiðlum sem og ummæli í bréfi Lambhaga gróðrarstöðvar, dags. 29. apríl 2016. Það sé því ljóst að bæði með vísan til erfðarannsóknarinnar og ummæla fyrirvarsmanns Lambhaga gróðrarstöðvar að umrædd vara sé ekki spínat og þurfi því ekki að framkvæma aðra erfðarannsókn. Enda eigi það ekki að skipta máli í tengslum við það ágreiningsefni sem hér sé til umræðu hvort umrædd planta sé Brassica rapa eða Brassica juncea enda eigi hvorug plantan



nokkuð skylt við spínat. Samhengisins vegna sé gengið út frá því að um sé að ræða Brassica rapa eins og Lambhagi gróðrarstöð hafi haldið fram.

Lambhagi gróðrarstöð haldi því fram að umrædd vara beri heitið spínatkál á íslensku. Hollt og Gott hafni því að orðið spínatkál sé almennt notað um þessa plöntu. Brassica rapa sé af allt annarri og óskyldri ætt en spínat eða af krossblómaættinni. Tegundin kallist nánar tiltekið Brassica rapa var pervirdis. Þetta sé káltegund og sé mikið ræktuð í Asíu. Henni svipi til spínats í útliti en næringarlega sé hún geróflk. Káltegundin innihaldi mun minna af járn til að mynda. Ástæðan fyrir því að þessi tegund sé ræktuð og markaðssett ein sog spínat sé mjög líklega út af því að þessi tegund sé mun auðveldari til ræktunar hér á landi, en ekki nærri eins viðkvæm fyrir langdagsáhrifum og spínatplantan og blómgist ekki ótímabært. Hollt og Gott hafni því að hægt sé að tengja Brassica rapa við spínat á nokkurn hátt. Enda væru það blekkingar við neytendur.

Lambhagi gróðrarstöð vísi til erlendar nafnahefðar og vilji meina að þar með geti félagið tengt nafn plöntunnar við spínat. Þegar erlend heiti plöntunnar séu skoðuð sjáist að annað hvort sé notað orðið komatsuna (danska, enska, finnska, franska, spænska, ítalska og norska) eða hins vegar myndað úr orðunum sinnep eða mustarður og spínat, svo sem spinach mustard (enska), senfspínat (þýska). Því væri mun eðlilegra að nota orðið mustarður þar sem það væri meira lýsandi fyrir neytendur. Væri Lambhagi gróðrarstöð að fylgja eftir framangreindri nafnahefð sem myndast hafi erlendis um merkingar á vörunni væri fyrirtækinu nær að kalla vöruna komatsuna eða tengja hana við sinnep eða mustarð. Það skuli samt tekið fram að Hollt og Gott telji að í öllum tilfellum sé ekki hægt að nota orðið spínat um þessa vöru þar sem það sé til þess fallið að blekkja neytendur um innihald, eiginleika og eðli vörunnar. Sérstaklega í ljósi íslenskra aðstæðna, nafnahefðar og skilnings fólks sem og fyrri markaðssetningu Lambhaga gróðrarstöðvar á plöntunni.

Einnig verði að skoða hver skilningur fólks sé á orðinu kál. Kál sé oft nefnt og notað sem einhvers konar yfirheiti eða yfirflokkur yfir hvers konar blaðgrænmeti. Þannig að ef orðið spínatkál sé notað þá tengja neytendur þetta aðeins við spínat og jú – grænt blaðgrænmeti. Íslensk nafnahefð í garðyrkju sé frekar ruglingsleg og fylgi oft ekki ströngustu hefðum í nafngiftum plantnanna. Það hafi í för með sér að neytendur líti svo á að spínatkál sé spínat þar sem „kál“ viðskeytið breyti því ekki hvernig neytendur líti á vörunar. Það geti einnig leitt til þess, eins og hafi verið í tilfelli Lambhaga gróðrarstöðvar, að vörur séu markaðssettar sem önnur vara í skjóli þess að nafnahefðin í garðyrkju sé frekar ruglingsleg. Það eigi samt ekki að leiða til þess að heimilt sé að villa um fyrir neytendum og vara markaðssett og kynnt eins og spínat en eigi í raun ekkert skylt við spínat.

Þar að auki megi ekki horfa framhjá því að umrædd vara frá Lambhaga gróðrarstöð hafi áður borið heitið „Lambhagaspínat“ sem segi neytendum ekkert um uppruna eða eðli vörunnar og beinlínis sé gefið upp rangt heiti á plöntunni. Þannig hafi varan verið kynnt neytendum um árábil. Varan hafi því verið markaðssett undir fölsku flaggi. Þar af leiðandi hafi það alls ekki verið nóg að breyta nafni vörunnar með þeim hætti sem Lambhagi gróðrarstöð hafi gert. Það



hafi verið gert með þeim hætti að neytendur yrðu ekki varir við þessa breytingu og til þess fallið að hafa lítil sem engin áhrif á neytendur. Það hafi því í raun ekki verið neinn marktækur munur á vörunni eftir athugasemdir Matvælastofnunar. Neytendur hafi áfram verið blekkir og Lambhagi gróðrarstöð selji hana áfram í skjóli þess að enginn merkingarmunur sé hjá neytendum á orðinu spínat og spínatkál miðað við íslenska orðnotkun.

Í þessu samhengi beri einnig að líta til þess að strangar reglur gildi um upplýsingar til neytenda um uppruna og innihald matvöru. Í reglugerð ESB nr. 1169/2011, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, komi fram að þegar nota skuli lýsandi heiti yfir matvæli, sbr. 17. gr. Skilgreiningin á því hvað sé lýsandi heiti sé heiti sem gefi lýsingu á matvælunum og ef nauðsyn krefji á notkun þeirra, sem sé nægjanlega skýrt til að neytendur geti þekkt rétt eðli þeirra og greint þau frá öðrum vörum sem hægt sé að rugla þeim saman við.

Eins og getið hafi verið um að framan geri almenningur sér ekki almennilega grein fyrir muninum á salati eða káli. Tengingin við spínat sé gerð með því markmiði að blekkja neytendur til þess að halda að þeir séu að kaupa vöru sem sé með það næringarinnihald sem spínat hafi. Í þessu samhengi sé rétt að benda á að ekki sé hægt að þræta fyrir að heiti vörunnar hafi blekkir neytendur, bæði hvað varði sjálfa vöruna, innihald hennar og eiginleika. Það megi sjá af viðbrögðum neytenda í blöðum eftir að fjölmiðlar hafi fengið fréttir af villandi merkingum á vörum Lambhaga.

Með auglýsingum sínum og umbúðum gefi Lambhagi til kynna að umrædd vara sé önnur en hún raunverulega sé. Það sé gert í þeim tilgangi að blekkja neytendur til þess að kaupa aðra vöru en þeir haldi að þeir séu að kaupa sem skaði bæði neytendur og samkeppnisaðila á markaðnum. Mun auðveldara og ódýrara sé að ræða Brassica rapa heldur en spínat.

Telja verði að það að merkja umrædda vöru sem Lambhagaspínat eða Spínatkál falli undir óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 5. gr. laganna sem feli í sér almenna vísireglu sem banni óréttmæta viðskiptahætti, 2. mgr. 9. gr. sem segi að viðskiptahættir séu villandi sé upplýsingum leynt sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og 14. gr. laganna sem kveði á um að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara. Þar að auki telji Holtt og Gott að Lambhagi hafi einnig brotið gegn a. og b. liðum 1. mgr. 9. gr., eins og bent hafi verið á í bréfi Neytendastofu, dags. 12. apríl 2016, þar sem umbúðirnar gefi til kynna að innihald, eðli vörunnar og helstu einkenni hennar séu önnur en þau raunverulega séu.

Með vísan til framangreinds megi ljóst vera að auglýsing Lambhaga gróðrarstöðvar og merking á umbúðum félagsins, brjóti gegn 5. gr., a. og b. liðum 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 og eftir atvikum gegn fleiri greinum sömu laga.

Framsetning Lambhaga gróðrarstöðvar á umbúðum endurspeglir virðingarleysi fyrir lögum og reglum á þessu sviði auk virðingarleysis fyrir neytendum og öðrum fyrirtækjum. Merking



vörunnar sé til þess fallin að telja neytendum trú um að þeir séu að kaupa spínat en séu í raun að kaupa allt aðra vöru með allt öðrum eiginleikum. Þessi merking sé á umbúðum Lambhaga gróðrarstöðvar þrátt fyrir athugasemd Matvælastofnunar. Breyting á nafni umbúðanna í Spínatkál breyti engu þar um. Merking vörunnar upplýsi neytendur ekki á nokkurn hátt um eiginleika eða eðli vörunnar og hafi þann eina tilgang að tengja nafn vörunnar við spínat til þess að blekkja neytendur.

Þar af leiðandi sé merking vörunnar óréttmæt gagnvart neytendum og veiti þeim villandi upplýsingar og brjóti þar með gegn fyrirmælum 5. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Þar að auki sé þær til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum, sbr. 14. gr. laganna.

Ennfremur sé brot Lambhaga gróðrarstöðvar til þess fallið að taka til sín viðskipti frá keppinautum, þar sem mun ódýrara og auðveldara sé að rækta Brassica rapa heldur en spínat og þannig óhjákvæmilega að valda keppinautum fjártjóni.

Með vísan til framangreinds sé þess krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða gagnvart Lambhaga gróðrarstöð á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Með vísan til 21. gr. b. sé þess krafist að Neytendastofa gefi Lambhaga gróðrarstöð viðeigandi fyrirmæli eða bann, til að mynda um að félaginu sé óheimilt að merkja og auðkenna vöru sína sem spínat eða með öðrum hætti sem sé til þess fallið að blekkja neytendur og gefa ranga mynd af innihaldi vörunnar.

Með vísan til a. liðar 22. gr. og 23. gr. laga nr. 57/2005 sé þess krafist að Neytendastofa leggi stjórnvaldssekt á Lambhaga gróðrarstöð og eftir atvikum dagsektir. Þess sé krafist að meðferð málsins verði hraðað eftir föngum og að Neytendastofa grípi tafarlaust til þeirra úrræða sem henni sé heimilt að nota til þess að stöðva framangreinda háttsemi.

### 3.

Bréf Hollt og Gott var sent Lambhaga gróðrarstöð til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 31. maí 2016.

Ekkert svar barst og var ítrekun send þann 22. júní 2016 þar sem fram kom að bærust stofnuninni ekki svör innan tilskilins frest mætti búast við að tekin yrði ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Ekkert svar barst.





### III.

## Niðurstaða

### 1.

Mál þetta snýr að kvörtun Hollt og Gott ehf. yfir auglýsingum og merkingum á umbúðum vöru Lambhaga gróðrarstöðvar ehf. Kvörtunin snýr að vöru Lambhaga gróðrarstöðvar Spínatkál, sem áður bar heitið Lambhagaspínat og kvörtunin varðar einnig. Erfðarannsókn sem Hollt og Gott hafi látið framkvæma á vörunni hafi leitt í ljós að ekki sé um spínat að ræða og því séu markaðssetning vörunnar og merking á umbúðum hennar rangar og villandi og brjóti gegn ákvæðum 5. gr., a. og b. liða 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Af hálfu Lambhaga gróðrarstöðvar er því hafnað að veittar séu rangar eða villandi upplýsingar um vöru félagsins, hvorki fyrir né eftir breytingu á nafni hennar. Um sé að ræða plöntuna Brassica rapa sem á mörgum tungumálum sé rík hefð fyrir að kenna við spínat. Eftir athugasemdir af hálfu Matvælastofnunar hafi Lambhagi gróðrarstöð ákveðið að breyta heiti vörunnar enda telji félagið heitið Spínatkál lýsa vörunni betur en þrátt fyrir það verði ekki fallist á að heitið Lambhagaspínat hafi falið í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Þá sé niðurstöðum erfðarannsóknarinnar hafnað sem röngum og geti ekki fengist staðist í ljósi þess hvaða fræ Lambhagi gróðrarstöð notist við. Í þessu sambandi var jafnframt á það bent að erfðarannsóknin var unnin fyrir tilstuðlað Hollt og Gott, keppinaut Lambhaga gróðrarstöðvar.

### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 9. gr., sem einnig er í III. kafla, er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Samkvæmt a. og b. liðum er átt við rangar upplýsingar um :

*„a. eðli vöru eða þjónustu og hvort varan sé til eða þjónustan fyrir hendi,*

*b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“*

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

*„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“*



Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“*

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

### 3.

Þegar litið er til gagna málsins, þ.m.t. niðurstöðu matvælaeftirlits, má sjá að nokkuð algengt er að plantan Kamatsuna, sem Lambhagi gróðrarstöð selur undir heitinu Spínatkál, er í heiti sínu gjarnan tengd við bæði spínat og sinnep. Í gögnum málsins hefur m.a. komið fram að ekki sé til viðurkennt íslenskt heiti fyrir plöntuna en við leit að orðinu Kamatsuna í Orðabanka íslenskrar málstöðvar kemur upp niðurstaða úr orðasafninu *Matarorð úr jurtaríkinu* um að íslenskt heiti plöntunnar sé spínatkál og samheiti þess mustarðsspínat. Af því er ljóst að heiti Lambhaga gróðrarstöðvar á vörunni er ekki úr lausu lofti gripið og hefur þekkt að kalla vöruna spínatkál. Þá verður ekki litið framhjá skýringum Matvælastofnunar, sem fram komu í tölvubréfi, dags. 10. mars 2016, um að þar sem hvorki sé til lögheiti eða venjubundið heiti fyrir vöruna skuli notað lýsandi heiti. Af hálfu Matvælastofnunar var jafnframt á það bent að fordæmi virðist fyrir því að tengja þessa tegund við spínat auk þess sem finna megi allmörg önnur dæmi um plöntuheiti sem innihaldi orðið spínat. Því taldi Matvælastofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við notkun heitisins Spínat. Samkvæmt upplýsingum sem Neytendastofa hefur fengið frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar, sem hafði málið til meðferðar, var niðurstaða þess hin sama.

Með vísan til alls ofangreinds og að teknu tilliti til þess að í merkingum á umbúðum vörunnar kemur auk heitisins Spínatkál, fram fræðiheiti vörunnar Brassica rapa telur Neytendastofa ekki um villandi eða óréttmæta viðskiptahætti að ræða. Þá er einnig til þess að líta að í auglýsingu Lambhaga gróðrarstöðvar, sem lögð var fram af Hollt og Gott og kvörtunin snéri einnig að, kemur fram heiti vörunnar, Spínatkál, auk fræðiheitisins Brassica rapa en þar að auki er fjallað um kosti vörunnar borið saman við spínat og tilgreint fræðiheiti spínats, Spinacia oleracea. Að mati Neytendastofu ber auglýsingin enn frekar með sér að ekki er reynt að villa um fyrir



neytendum með því að telja þeim trú um að um spínat sé að ræða þar sem vakin er athygli á því að um ólíkar vörur er að ræða.

Af hálfu Hollt og Gott hefur einnig verið kvartað yfir notkun Lambhaga gróðrarstöðvar á heitinu Lambhagaspínat. Í ljósi þess að matvælayfirvöld hafa þegar tekið notkun þess heitis til meðferðar, sem leiddi til þess að heiti vörunnar var breytt, sem og að teknu tilliti til þess að fyrirtækið hætti notkun heitisins áður en kvörtun barst Neytendastofu telur Neytendastofa ekki ástæðu til að fjalla nánar um þann þátt málsins eins og hér stendur á.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 4. október 2016

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir